

Bifreiðar þær, sem ætlaðar eru til sauðfjárflutninga, skal útbúa sérstaklega til þeirra nota. Pallgrindur skulu þéttar og sléttar og eigi undir 90 cm á hæð. Flutningspall skal hólfa sundur með traustum grindum í stíur, er rúmi eigi yfir 12 kindur. Dyraumbúnaður skal vera traustur og öruggur. Þegar um langan flutning er að ræða (yfir 50 km), skal flutningspallur hólfaður sundur í miðju að endilöngu, svo að engin stía náí yfir þveran flutningspall. Flutningspall eða stíur skal strá hæfilega miklum sandi eða heyi til þess að draga úr hálfu. Þegar sauðfé er flutt til slátrunar, skal leitast við að nota grindur á bifreiðarpall til að draga úr hálfu og óhreindum. Grindur skulu þannig gerðar, að engin hætta sé á því, að fé festi fætur í þeim.

Þegar fáir gripir eru fluttir um skamman veg (undir 50 km) er þó heimilt að nota tengivagna til þeirra flutninga. Þeir skulu vera með láréttu gólfi og útbúnir á sama hátt og framan greinir.

Leitast skal við að flytja fé á meðan dagsbirtu nýtur. Verði því ekki við komið, skal hafa ljós á bifreiðarpalli, svo að vel sjáist um allan pallinn, meðan á flutningi stendur.

Til þess að forðast hnjask, mar og meiðsli skal búa svo um, að unnt sé að reka búfé á flutningspall og af honum aftur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 21/1957, um dýravernd, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir heimilishjálp, samkvæmt reglugerð nr. 22/1962, svo og reglum, sem félagsmálaráð Reykjavíkurborgar setur þar um, skal greiða á dag kr. 250.00.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað. Enn fremur strætisvagnagjöld að og frá vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 66 16. apríl 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.